



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

180. fundur skólanefndar FS

12. ágúst 1993

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðjón Kristjánsson, Gestur Pétursson, Kristbjörn Albertsson, Magnús Óskar Ingvarsson, Jón Sæmundsson, Hjálmar Arnason skólameistari og áheyrnarfulltrúarnir Bogi Hallgrímsson úr Grindavík, Ingimundur Guðnason úr Gerðahreppi og Jón Ingi Baldvinsson úr Vatnsleysustrandahreppi.

Dagskrá:

1. Kennararáðningar.
2. Upphaf annar.
3. Viðhald húsnæðis.
4. Viðbygging.
5. Nýjar brautir.
6. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Kennararáðningar.

Oddný Harðardóttir hefur óskað eftir eins árs launalausú leyfi. Skólanefnd mælir með því að leyfið verði veitt en formaður mæltist til þess að óskir um leyfi berist fyrir en verið hefur.

Eftirtaldir sóttu um auglýstar stöður við skólann:

Guðmundur K. Magnússon, stærðfræði
Marius Sævar Pétursson, stærðfræði
Hafþór Óskarsson, stærðfræði
Hallveig Thordarsen, stærðfræði
Páll Skaftason, stærðfræði
Anna Lea Björnsdóttir, íþróttir
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, íþróttir
Gunnlaugur Jónsson, danska
Sumarrós Sigurðardóttir, danska
Jette Dige Petersen, danska
Baldur Guðmundsson, viðskiptagreinar
Hörður Ragnarsson, viðskiptagreinar
Agnes Karlsdóttir, viðskiptagreinar
Halldóra Guðjónsdóttir, viðskiptagreinar

Skólanefnd mælir með því að ráða Hallveigu Thordarsen í stöðu stærðfræðikennara, Önnu Leu Björnsdóttur í stöðu íþróttakennara, Gunnlaug Jónsson og Sumarrós Sigurðardóttur í stöður dönskukennara (sbr. fyrri afgreiðslu) og Baldur Guðmundsson og Hörður Ragnarsson til að kenna viðskiptagreinar (sbr. fyrri afgreiðslu).



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

2. Upphaf annar.

Kennarafundur verður 31. ágúst. Stundaskrár verða afhentar 30. og 31. ágúst og þá verða bóksölur opnar. Skólasetning verður miðvikudaginn 1. september kl. 9:00 og kennsla hefst að henni lokinni. Reiknað er með að nemendur í dagskóla verði um 700 en 100-120 í öldungadeild. Fornám verður með nýju sniði í vetur. Heils árs fornám verður fyrir þá sem náðu mjög slökum árangri á grunnskólaprófum. Þar verður kennsla í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku og hagnýtu verknámi og verður áhersla lögð á veita góða undirstöðu og kenna öguð vinnubrögð. Ingibjörg Sigtryggsdóttir mun sjá um þennan hluta fornámsins. Auk þess verður svo hefðbundið fornám í einstökum áföngum. Ekki er ljóst hve mikil stuðningskennsla verður en búist er við að til hennar fáiist 250-300 þúsund kr. Nánar var rætt um sérkennslu, m.a. um þá nemendur sem hafa verið í sérdeildum grunnskólanna og þurfa mikla aðstoð. Skólameistari benti á að skólinn hefði ekki aðstoðu til að sinna þessum nemendum sem skyldi. Nefndarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að leita einhverra úrræða í málum þessara nemenda.

3. Viðhald húsnæðis.

Skólameistari upplýsti að elsti hluti skólahússins þarf nokkurra viðgerða við, m.a. þarf að nokkru leyti að skipta um ofna, gler og dúka, gera þarf endurbætur á kennarastofu, vegna fjölda nemenda þarf nýja raungreinastofu o.fl. Nokkur von er til þess að skólinn fái fé af fjárveitingu til viðhalds á húsnæði í eigu ríkisins. Samþykkt að það fé fari þá í endurbætur á elsta hluta skólahúsnæðisins.

4. Viðbygging.

Verktaki er nú að fara yfir viðbygginguna og ljúka við ýmislegt smálegt. Útlit er fyrir að allar framkvæmda- og fjárhagsáætlanir standist og verður bygginganefnd líklega lögð niður á næstunni. Í bígerð er að koma upp geymsluskápum fyrir nemendur í viðbyggingunni og er gert ráð fyrir að skáparnir verði leigðir á 1000 kr. á önn.

5. Nýjar brautir.

Skólameistari greindi frá því að vinna við þróun starfsmenntabrauta lægi niðri í bili. Í vetur er þó gert ráð fyrir að haldið verði áfram með sumar þeirra og vonast er til að hægt verði að kynna nokkrar brautir fyrir grunnskólanemendum næsta vor. Nefndarmenn voru sammála um gagnsemi nýju brautanna og nauðsyn þess að vinna að framgangi þeirra með öllum ráðum. Einnig var bent á að brautir af þessu tagi gætu skipt miklu fyrir þá nemendur sem af einhverjum ástæðum eiga ekki erindi í það nám sem nú er boðið upp á við skólann. Nánar var rætt um hvað skólinn gæti gert fyrir þá nemendur sem þyrftu sérkennslu og bent á að margir þeirra lentu í raun í sjálfhelðu að loknum grunnskóla. Samþykkt að formaður, varaformaður og ritari nefndarinnar ræði við Svæðisstjórn fatlaðra um úrræði í málum þessara einstaklinga.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja


Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

6. Önnur mál.

- a) Eins og síðasta vetur hefur verið boðið upp á nokkra námsstyrki en ekki virðist vera þörf fyrir þá sem stendur. Styrkirnir verða auglýstir aftur um áramót.
- b) Gestur spurði um ferðakostnað nemenda sem búa utan Keflavíkur og Njarðvíkur. Jón upplýsti að kostnaður vegna hvers nemenda væri 8000 kr.; SSS greiðir síðan hluta hans þannig að hver nemandi borgar 4500 kr. á önn.
- c) Jón Ingi spurði um kynningu á skólanum í grunnskólum. Skólameistari svaraði því til að í haust yrði almenn kynning á skólanum, seinna í vetur verður grunnskólanemendum boðið í heimsókn og í vor verður svo ýtarleg kynning á skólanum, einstökum námsbrautum o.þ.h. í grunnskólunum. Nefndarmenn voru sammála um að kynning af þessu tagi væri mjög nauðsynleg og benti Kristbjörn á að heimsókn Njarðvíkinga hefði fallið niður síðasta vetur og væri það miður.
- d) Sigríður ræddi um fjölda nemenda af Suðurnesjum sem fara í framhaldsskólanám út fyrir svæðið. Skólameistari taldi að fjöldi þeirra væri svipaður og undanfarið en hann hefði þó minnkað jafnt og þétt eftir því sem skólinn festi sig í sessi. Nefndarmenn voru sammála um að ekki þurfi að hafa áhyggjur af því þó einhverjir leiti annað í nám; skólinn njóti álits á svæðinu og viðhorf til hans séu jákvæð.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari